

STARFSÁÆTLUN

Leikskólinn Strandheimar

2022 – 2023



Leiðarljós fræðslusviðs:

Að öll börn og ungmenni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk:

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsáætlun skólaársins 2022 - 2023	4
Starfsáætlanir yngri og eldri deilda	6
Skóladagatal skólaársins 2022-2023	12
Stutt greinagerð um skólastarfið 2021-2022	13
Mat á leikskólastarfi skólaársins 2021-2022	15
Matsáætlun	17
Börn, foreldrar o.fl.....	18
Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	19
Starfsmannamál	20
Greinargerð foreldraráðs	26

Leikskólinn Strandheimar

Heimilisfang: Túngötu 39, 820 Eyrarbakka og Blómsturvöllum 1, 825 Stokkseyri

Aðalsímanúmer: 480-6352

Netfang: strandheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://strandin.arborg.is>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Hér gefur að líta starfsáætlun Leikskólans Strandheima skólaárið 2022-2023 og skýrslu skólaársins 2021–2022. Starfsáætlunin er hugsuð sem skýr leiðarvísir í því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Strandheima þar sem leiðarljós leikskólans koma fram en þau eru: *Vellíðan - Sköpun - Virðing*. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, matslista og starfsþróunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfar. Niðurstöður matsins eru birtar í þessari starfsáætlun til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. október ár hvert og skal skilað til Skólaþjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar eigi síðar en 1. september. Starfsáætlunin er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megji hana í starfi leikskólans yfir veturinn.

Stokkseyri, 29. júní 2022

Birna Guðrún Jónsdóttir
Leikskólastjóri Strandheima

Leiðarljós Leikskólans Strandheima
Vellíðan - Sköpun - Virðing

Starfsáætlun skólaársins 2022 - 2023

Í leikskólanum byggir allt starf á leiknum sem er hornsteinninn og mikilvægasta náms- og þroskaleið barna. Hið eðlilega tjáningarform barns er sjálfsprottinn leikur. Hann er æðstur allra leikja og gleðigjafi. Í leikskólanum læra börn því í gegnum leikinn í daglegu starfi bæði innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og með stuðningi og hvatningu kennara sinna.

Barnið þarf að búa að fjölbreyttri upplifun úr náttúru, umhverfi og samskiptum til að glæða leikinn lífi. Út frá þeirri reynslu skapast þekking, nýjar tilfinningar, athafnir og leikni. Þau læra að umgangast hvert annað af virðingu í leiknum og fá bæði notið hvíldar og útrásar. Rannsóknir sýna að árangursríkasta leiðin fyrir nám barna er að læra í gegnum leikinn. Þær sýna einnig að lærdómur í gegnum leikinn er besti undirbúningurinn fyrir frekara nám og starf síðar á lífsleiðinni.

Kennsluáferð kennarans er leikurinn. Þegar leikurinn er virtur og skoðaður, kennarinn þekkir hann og tekur þátt í honum öðlast hann góða mynd af getu og þroska hvers barns, stöðu þess í barnahópnum og samskiptum þeirra á milli. Út frá þeirri reynslu og þekkingu er kennaranum kleift að lesa tilfinningar og líðan barns með því að fylgjast með leik þess. Kennaranum ber að hlúa vel að samskiptum barna við kennara sem og innbyrðis milli barnanna. Gildi og mikilvægi leiksins eru kennarar meðvitaðir um sem og að vera til staðar þegar á þarf að halda. Þannig styður kennarinn leikinn og hefur tækifæri til að grípa inn í ef þörf krefur.

Leikskólinn er fyrir öll börn. Þarfir og geta þeirra er ólík og taka þarf tillit til mismunandi þroska og reynslu hvers barns og að þau fái að njóta sín á eigin forsendum og í viðfangsefnum við sitt hæfi. Börn með fötlun eða frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sveitarfélagsins þar um. Börn með sérþarfir læra best í leik og starfi með öðrum börnum og er lögð megináhersla á að þau fái notið sérkennslu í litlum hópum þar sem þau geta notið sín í félagslegum samskiptum.

Heilbrigði flokkast sem andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan. Heilbrigði í samskiptum einkennast af gagnkvæmri virðingu. Í Strandheimum er lögð áhersla á markvissa alhliða hreyfingu. Hreyfing á sér stað jafnt úti sem inni og hafa börnin ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Sköpunarkraftur og gleði, vellíðan og sterk sjálfsmynd er leyst úr læðingi í gegnum hreyfingu. Í Strandheimum fara öll börn út a.m.k. einu sinni á dag. Mikil áhersla er lögð á að matur sé unninn frá grunni. Eftir hádegismat fara öll börn í hvíld eftir aldri og þörfum. Hvíld eldri barnanna felst í ýmiskonar samverustundum með áherslu á slökun og notalegar gæðastundir t.d. með lestri bóka.

Í skólastarfinu er stöðugt verið að vinna að umbótum þar sem stefnt er að því að gera eins vel og hægt er hverju sinni. Starfsfólk leikskólans leggur áherslu á að starfa í anda lærdómssamfélagsins þar sem kennarar vinna saman að ákveðnum verkefnum og þróun. Leikskólinn Strandheimar er *Grænánaleikskóli* og unnið er að innleiðingu *Heilsueflandi leikskóla*. Heilsueflandi verkefninu er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsueflingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Innleiðing þess getur tekið nokkur ár.

Faghópur um stefnumótun leikskólans var stofnaður haustið 2021. Í honum eiga sæti starfsmenn leikskólans ásamt tveimur fulltrúum foreldra. Markmið hópsins er að vinna að stefnumótun leikskólans ásamt endurskoðun og samþættingu þeirra stefna sem nú þegar er unnið fyrir í honum. Faghópurinn mun koma til með að starfa áfram næsta skólaár með svipuðu sniði og síðastliðið skólaár og nýr verkefnastjóri heilsueflandi og Grænánastarfsins mun ganga til liðs við hann.

Áherslur og markmið næsta skólaárs byggja á því öflugra starfi sem einkennt hefur starf Strandheima hingað til þar sem öryggi og vellíðan nemenda eru ávallt höfð að leiðarljósi. Leikurinn er eins og áður hefur komið fram hornsteinn leikskólastarfsins og verður lögð áhersla á að rýna í hann og þau tækifæri

sem gefast í honum til þroska og náms nemenda. Unnið verður með hlutverk kennarans í frjálsa leiknum ásamt því að skoða hvaða leikur á sér stað og hvað eru nemendurnir að læra í gegnum hann. Næsta skólaár verður starfandi við leikskólann verkefnastjóri sem mun halda utan um **Grænfánaverkefnið** okkar sem og áframhaldandi innleiðingu verkefnisins **Heilsueflandi leikskóli** sem er á vegum Landlæknisembættisins. Mun hann eiga sæti í *Faghóp um stefnumótun leikskólans* og að auki funda reglulega með umhverfisteymi leikskólans sem saman stendur af öllum nemendum í elsta árgangi leikskólans ásamt deildarstjórum. Verkefnastjórinn mun fara inn á allar deildir leikskólans og leiða þar og vera til stuðnings starfsfólkinu við störf í anda Grænfánans og Heilsueflandi leikskóla. Til að ná markmiðunum er mikilvægt að áætla tíma fyrir alla aðila er koma að *Grænfánanum* og *Heilsueflandi leikskóla* til undirbúnings sem og að *faghópur um stefnumótun leikskólans* fái gott svigrúm til funda til að samþætta stefnurnar undir eina regnhlíf. Hver starfsmaður þarf einnig að komast í undirbúningstíma til að lesa efni er tengist verkefnum leikskólans og hugmyndafræði.

Í vetur mun verða lögð sérstök áhersla á að allt starfsfólk fái tíma til undirbúnings og verða skipulagðar læsislotur þar sem Aðalnámskrá leikskóla og fræðilegt efni um frjálsan leik og mikilvægi hans verða krufin. Læsisloturnar verða skipulagðar á þann hátt að í tvær vikur liggur visst efni fyrir til lestrar, í þriðju vikunni er efnið rætt á deildarfundum út frá punktum sem stjórnandahópur Strandheima hefur útfært og í fjórðu viku eru niðurstöður kynntar á deildarstjórafundum. Með þessu ferli er verið að vinna jafnt og þétt að endurskoðun starfsáætlunar yngri og eldri deilda ásamt endurskoðun á skólanámskrá Strandheima.

Samráð sérkennslustjóra og deildarstjóra mun halda áfram eins og áður. Mikilvægt er að deildarstjórar hafi gott aðgengi að sérkennslustjóra og tækifæri til samráðs vegna barna sem þurfa á stuðningi að halda. Slíkt samráð nýtist til að fara yfir verkefni, skipulag, nám og líðan barna á deildunum. Deildarstjórafundir verða haldnir einu sinni í viku og fundargerðir þeirra aðgengilegar öllu starfsfólki leikskólans. Með því er stuðlað að samræmdu upplýsingaflæði inn á deildir og á deildarfundum, sem einnig verða haldnir vikulega, eru málefni þeirra funda tekin til umræðu. Stefnt er að aukinni samvinnu og samtali á milli deilda, eldri og yngri annars vegar og deilda með sama aldur hins vegar. Ein leið sem farin verður til að auka tækifæri til slíks samtals er að samræma undirbúningstíma deildarstjóra svo þeir eigi auðveldara með að funda sín á milli.

Áhersla verður lögð á að starfsfólk skólans geti tekið þátt í samvinnu og fræðslu sem í boði er innan skólasamfélagsins í Árborg. Má þar nefna nokkur teymi sem veita þarf starfsfólki tíma til að sinna sem eru: ráðgjafateymi, faghópur um samstarf grunn- og leikskóla, fjölmeningarteymi, fræðsluteymi Árborgar (ef það verður endurvakið), sérkennslustjórafundir, leikskólastjórafundir, aðstoðarleikskólastjórafundir og ýmsir aðrir teymisfundir innan leikskólans svo sem faghópur um stefnumótun leikskólans.

Samstarf leik- og grunnskóla hefur í gegnum tíðina verið gott á Eyrarbakka og Stokkseyri og hafa verið reglulegar skólaheimsóknir í BES yfir skólaárið. Því miður hefur Covid-19 haft áhrif á þessar heimsóknir síðustu misseri ásamt hækkunum á kostnaði við akstur á milli staða. Munum við því leita leiða í samstarfi við grunnskólann og foreldra leikskólanemenda við að finna hentuga lausn til að efla samstarf milli skólastiganna og með því brúa bilið milli skólastiga. Heimsóknir elstu nemenda milli starfsstöðva leikskólans er einnig leið sem getur gefið nemendum tækifæri til að kynnast áður en þau hefja formlegt nám í 1. bekk, nokkurs konar hópefli. Tillögur að hópefli elstu nemenda hafa verið sendar foreldrum barna í elsta árgangi. Miða þær við að elstu nemendur hittist í hverjum mánuði og verji saman einum degi við leik og störf. Einn dag annan hvorn mánuð myndu foreldrar elstu nemenda í Brimveri mæta með þau í Æskukot og sækja þau þangað í lok dags. Eins myndu foreldrar elstu nemenda í Æskukoti mæta með börnin sín einn dag í Brimver og sækja þau þangað. Markmiðið er að nemendur í elsta

árgangi leikskólans kynnist innbyrðis um leið og þeim gefst kostur á að skoða nærumhverfi staðanna beggja, Eyrarbakka og Stokkseyri og læra um þá og njóta þeirra ólíku kosta. Þegar nemendur eru í Æskukoti er hægt að samtvinna heimsókn í BES við dvölinu og þegar þeir eru í Brimveri er meðal annars hægt að fara í heimsóknir á söfnin þar.

Síðast liðið skólaár fékk leikskólinn nýtt fallett nafn, Strandheimar, og í kjölfar þess og endurskoðun á leiðarljósum leikskólans kom fram hugmynd um að efna til samkeppni um nýtt "lógó" fyrir leikskólann og er stefnt að því að fyrir áramót verði slík samkeppni komin í gang. Mun hún verða útfærð á svipaðan hátt og nýja nafnið var valið því á þann hátt stuðlum við að tengingu Strandheima við nærsamfélagið sem við erum hluti af.

Starfsáætlanir yngri og eldri deilda

Aðalnámskrá leikskóla er rammi um skólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Hún birtir heildarsýn um menntun og útfærir nánar þá menntastefnu sem felst í lögum um leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla 2011:6).

Í henni er fjallað um grunnþætti menntunar sem eiga að fléttast inn í allt starf í skólum Íslands. Grunnþættir menntunar eru; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun. Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það (Aðalnámskrá leikskóla 2011:14).

Í Aðalnámskránni eru námssvið leikskóla tilgreind og hvernig þau eiga að birtast í starfinu. Kemur fram að þau eigi að vera hluti af leik barnanna, vera samþætt daglegu starfi, vera heildstæð og byggjast á reynslu barna, áhuga og hugmyndum. Þau eiga að taka mið af félags- og tilfinningalegum þáttum náms og vera skipulögð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna. Einnig eiga þau að hvetja til samvinnu og samstarfs og stuðla að sjálfstæði og frumkvæði. Ýta undir sköpun og ímyndun, vekja forvitni og hvetja til rannsókna og kannana. Mikilvægt er að þau séu ánægjuleg og stuðli að vellíðan barnanna, efla áhuga þeirra á námi og hvetji þau til lærdóms og að bæta við þekkingu sína, leikni og hæfni. Námssviðin eiga að stuðla að sterkri sjálfsmýnd og sjálfsþekkingu ásamt því að stuðla að uppbyggilegum samskiptum, vináttu og gleði.

Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð sérstök áhersla á lýðræði og jafnrétti og hefur þeim þáttum verið gert hátt undir höfði í Strandheimum og verður áfram. Í henni segir m.a.: *Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar* (Aðalnámskrá leikskóla 2011:35). Byggist lýðræðislegt leikskólastarf á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börnin eiga að upplifa að þau séu hluti af hópi og samfélagi sem einkennist af réttlæti og virðingu í samskiptum. Börnin eru virkir borgarar og þátttakendur og fær hvert og eitt þeirra tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt (Aðalnámskrá leikskóla 2011:35). Í starfsáætlunum deilda er sérstaklega unnið með þættina lýðræði og jafnrétti.

Árlega fara kennarar yngri og eldri deilda leikskólans yfir starfsáætlanir sínar og vinna samkvæmt þeim. Í starfsáætlunum er að finna markmið og leiðir að öllum námssviðum leikskólans samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla*. Námssviðin eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Starfsáætlun yngri deilda, Kötlusteinn og Fiskaklettur 2022-2023

Námssvið leikskóla

Læsi og samskipti

Markmið		Leiðir	
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að vinna með læsi í sinni víðustu mynd ✓ Að vinna með félagsfærni í öllu starfi skólans, umræður um líðan, tilfinningar og reynslu í gegnum leik inni og úti 		<ul style="list-style-type: none"> ✓ Bækur sýnilegar ✓ Myndrænt dagsskipulag ✓ Frjáls leikur ✓ Bínubækur, myndir og tákni ✓ Vinna með tilfinningar ✓ Tákni með tali ✓ Lubbi ✓ Nýta Lubba fyrir tákni barna ✓ Söngur ✓ Samræður, koma hlutum, tilfinningum og aðgerðum í orð inni og í útivist 	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
Umræður og endurmat á deildar-, foreldra- og starfsmannafundum Orðaskil TRAS	Samvinna og umræður að hausti um markmið og leiðir	Deildarstjórar Allir starfsmenn deilda	

Heilbrigði og vellíðan

Markmið		Leiðir	
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Hafa almennt hreinlæti að leiðarljósi og vera fyrirmynd fyrir börnin ✓ Þau læri að þvo hendur og ganga vel um ✓ Efla hreyfingu og útivist 		<ul style="list-style-type: none"> ✓ Myndrænt skipulag á salerni ✓ Rólegir og ánægjulegir matmálistímar ✓ Nýta sal, veðurfar og nærumhverfi þegar tækifæri gefst 	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum stuðla að heilbrigði og velferð á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn	

Sjálfbærni og vísindi

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Börnin læri að ganga vel um náttúruna og bera virðingu fyrir sjálfum sér, náttúrunni og öðrum 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Grænánaverkefnið ✓ Sýna börnunum bækur og myndir sem tilheyra náttúru, umhverfi og eru aldursmiðuð fyrir þau ✓ Nota allskonar verðlausan efnivið til sköpunar og leikja

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum efla sjálfbærni á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Sköpun og menning

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Kynna börnunum ýmsan efnivið til sköpunar og leikja ✓ Efla sjálfstæði til sköpunar og höfða til áhugasviðs barna 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Hjálpa þeim til að ná markmiðum og kenna þeim hvernig nota eigi ýmis verkfæri og efnivið til sköpunar ✓ Mæta hverju barni þar sem það er statt hverju sinni

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum vinna með sköpun á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Lýðræði og jafnrétti

Lýðræði

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Allir hafi jafnan rétt á að tjá sig og segja sína meiningu ✓ Hlusta á hvort annað, taka tillit og ræða við börnin ✓ Efla sjálfstæði 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Gefa okkur tíma til að hlusta og leiðbeina ✓ Gæta að því að ekkert barn sé afskipt og hafa samskipti við þau með tilliti til aldurs þeirra og þroska

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum styðja við lýðræði á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Jafnrétti

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Allir fái notið sín óháð kyni og uppruna ✓ Tillitssemi 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Skipta í litla hópa ✓ Gera okkar besta til að öll börn fái þá athygli sem þau þarfnast

Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum styðja við jafnrétti á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Starfsáætlun eldri deilda, Merkisteinn og Bátaklettur 2022-2023

Námssvið leikskóla

Læsi og samskipti

Markmið		Leiðir	
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að vinna með læsi í sinni víðustu mynd ✓ Að vinna með félagsfærni í öllu starfi skólans ✓ Umræður um líðan, tilfinningar og reynslu í gegnum leik inni og úti ✓ Lestur ✓ Talað mál ✓ Ritun ✓ Hlustun ✓ Söngur 		<ul style="list-style-type: none"> ✓ Lesa á hverjum degi í litlum hópum ✓ Styðja við og efla jákvæð samskipti við börnin, milli barna og mynda tengsl við þau í gegnum leik ✓ Hugarfrelsi ✓ Hafa merkingar á hlutum/dóti ✓ Nýta myndrænt skipulag betur ✓ Bækur sýnilegar ✓ Bókasafnsferðir ✓ Hreyfing ✓ Frjáls leikur ✓ Söngur ✓ Bína bálreiða, myndir og tákn ✓ Tákn með tali ✓ Lubbi ✓ Vettvangskennsla, útinám og útivist ✓ Vinna með ritmálið og bókstafir sýnilegir 	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
Hljóm-2 TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum vinna með læsi á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn	

Heilbrigði og vellíðan

Markmið		Leiðir	
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að börn læri almennt hreinlæti ✓ Að börn borði næringaríkan mat og kunni sér hóf ✓ Efla hreyfingu ✓ Efla geðheilbrigði 		<ul style="list-style-type: none"> ✓ Kenna börnum salernisvenjur – t.d myndrænt skipulag ✓ Kenna þeim almennar matarvenjur ✓ Skipulögð hreyfing inni og úti ✓ 	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
Hljóm-2 TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum stuðla að heilbrigði og velferð á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn	

Sjálfbærni og vísindi

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Skapa fjölbreytilegt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga ✓ Grænfánaverkefni (elstu börn í umhverfisnefnd)

<ul style="list-style-type: none"> ✓ að rannsaka, finna lausnir og skapa ✓ Kenna börnunum að koma vel fram við sjálfan sig, umhverfið og nýta það sem við höfum 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Endurnýta efnivið sem til fellur í leik, föndur og annað ✓ Vettvangskennsla, útinám og útivist ✓ Vísindastarf 	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Hljóm-2 TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum efla sjálfbærni á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Sköpun og menning

Markmið	Leiðir	
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að börnin geti tjáð sig í gegnum sköpun ✓ Að börnin kynnist umhverfi sínu, menningu og samfélagi ✓ Að börn kynnist menningu og siðum annarra 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að leyfa börnunum að vera frjáls í sinni sköpun, hafa fjölbreyttan efnivið sem börnin geti gengið í eftir þörfum og aðstæðum ✓ Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar ✓ Grænfánaverkefnið ✓ Kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum ✓ Skapa og tjá upplifun sína, myndlist, tónlist, dans og leikræn tjáning ✓ Vettvangskennsla, útinám og útivist 	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Hljóm-2 TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum vinna með sköpun á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Lýðræði og jafnrétti

Lýðræði

Markmið	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Börnin taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra ✓ Að raddir allra heyrist ✓ Að börnin verði sjálfbjarga 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Gefa leik nægilegt rými svo að börnin hafi svigrúm til að hreyfa sig, til að þróa leik og dýpka ✓ Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum ✓ Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl ✓ Hlusta á börnin og gefa þeim tækifæri á að tjá sínar skoðanir

	✓ Efla þau í almennri sjálfshjálpi: klæða sig, skammta sér sjálf og fleira	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Hljóm-2 TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum styðja við lýðræði á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Jafnrétti

Markmið	Leiðir	
<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að allir hafi sömu tækifæri ✓ Að allir fái að njóta sín 	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Að gefa þeim tækifæri á að það sé hlustað á þau ✓ Skipta þeim í minni hópa svo hvert og eitt geti notið sín betur ✓ Sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inni 	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
Hljóm-2 TRAS Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	Umræður um hvernig við viljum styðja við jafnrétti á komandi skólaári – útbúa markmið og leiðir, starfsáætlun	Deildarstjórar Allir starfsmenn

Deildarstjórar yfirfari starfsáætlun reglulega yfir veturinn. Á deildarfundum í upphafi vetrar eru sett markmið og í kjölfarið fara reglulega fram umræður um hvort og hvernig gengur að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Deildarstjórar setja niður hvenær hver þáttur er tekinn fyrir.

Skóladagatal skólaársins 2022-2023

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla: **Strandheimar**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Fridagur verslunarmanna	1 F	1 L	1 Þ Starfsmannafundur 8-10 Leikskólinn opnar kl. 10	1 F Fullveldisdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M	1 M	1 L	1 M Veralýsdagurinn	1 F	1 L
2 Þ Sumarlokun	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M Skóluppsögur LOKAB	2 F	2 F	2 S Pálmasunnudagur	2 Þ	2 F	2 S
3 M Sumarlokun	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F Leikskólinn opnar kl 7:45 Regnbogadagar	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Sjómanna dagurinn	4 Þ
5 F Regnbogadagar	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Brettandinn	6 M Dagur leikskólans	6 M	6 F Skírdagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F Bleki dagurinn með fytivara um rétta dagsetn.	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagur tónlistarskólans	7 Þ	7 F Föstudagurinn langi	7 S	7 M	7 F
8 M Regnbogadagar	8 F Dagur læsis	8 L	8 Þ Baráttudagur gegn einelti	8 F Jólaleikrit foreldra	8 S	8 M Tannverndanika	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ Regnbogadagar	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Þáskadagur	9 Þ Útskrift Brimveri 15:00	9 F	9 S
10 M Regnbogadagar	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ Vasaljósferð á vegum foreldra	10 F 1-1-2 dagurinn 11.2	10 F	10 M Annar í páskum	10 M Útskrift /Eskulot 16:00	10 L	10 M
11 F Regnbogadagar	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L Dagur íslenska táknnámsins	11 L	11 M	11 F Útskriftarferð	11 S	11 Þ
12 F Regnbogadagar	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M Sumarlokun
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F Sumarlokun
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F Sumarlokun
15 M	15 F Starfsmannafundur 14-16 Leikskólinn lokar kl. 14	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 S	15 S	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M Sumarlokun
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ Sumarlokun
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M Sumarlokun
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F Sumarlokun
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 M	21 S	21 M	21 F Sumarlokun
22 M	22 F Skóluppsögur LOKAB	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Sumarlokun
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Sumarlokun
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M Sumarlokun
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 Þ	27 F	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F Sumarlokun
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F Sumarlokun
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 M		31 L	31 Þ	31 F	31 F		31 M		31 M Leikskólinn opnar 10. ágúst

Stutt greinagerð um skólastarfið 2021-2022

Skólastarfið veturinn 2021-2022 einkenndist af æðruleysi starfsmanna á meðan staðið var í framkvæmdum í Brimveri, Covid-19 takmörkunum. Starfsfólkið stóð vel saman og var lausnamiðað og jákvætt í starfi vetrarins.

Nokkrar starfsmannabreytingar voru á árinu og má þá helst nefna að í ágúst 2021 bættist Tinna Björg Kristinsdóttir í starfsmannahópinn okkar þegar hún tók við stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Ásgerður Eiríksdóttir hélt áfram í stöðu sérkennslustjóra.

Í september 2021 voru 58 nemendur skráðir í Strandheima. Ákveðin fjöldi barna sem búsettur er á Selfossi var í Strandheimum þar til þeim var boðin leikskólavist á Selfossi. 1. maí 2022 voru nemendur við skólann 63.

Leikskólinn Strandheimar er *Heilsueflandi leikskóli sem og Skóli á grænni grein* og heldur áfram starfi í þeim anda. Á fundi faghóps um stefnumótun leikskólans sem starfræktur var skólaárið 2021-2022 var stefna skólans ígrunduð og upp komu vangaveltur um hvort tímabært væri að segja sig úr Samtökum Heilsuleikskóla þar sem heilsueflandi leikskóli ásamt Grænfánanum næðu yfir helstu áherslur heilsustefnunnar. Á fagfundum stjórnendateymis Strandheima á vordögum var tekin ákvörðun um að leikskólinn segði sig úr samtökunum og var sendur tölvupóstur á Samtök Heilsuleikskóla þar sem tilkynnt var um úrsögnina. Í kjölfar þessa munu matstæki leikskólans verða endurskoðuð.

Covid-19 hafði áfram áhrif á starfið og urðum við að loka Brimveri á Eyrarbakka í nokkra daga vegna sóttkvíar. Á því tímabili sem sóttkví var í Brimveri voru sóttkvíar afnumdar þannig að við rétt náðum að prufa það ferli.

Framkvæmdir í Brimveri. Farið var í framkvæmdir í Brimveri á haustönn og byggt nýtt bíslag við eldri deildina. Innan húss voru salerni færð inn á deildina ásamt því að sér salernisaðstaða fyrir matráð var sett upp. Á meðan á mestu framkvæmdum innan húss stóð fengum við lánaðar tvær af útistofum BES undir Merkistein. Við þökkum kærlega fyrir lánið því ekki hefði verið auðvelt að vera inni á Merkisteini á meðan á framkvæmdunum stóð. Alls dvöldu nemendur Merkisteins í tvo og hálfan mánuð í frelsinu í Vesturveri þar sem þau fóru fjölmargar ferðir í fjöruna og í aðrar vettvangsferðir um Eyrarbakka.

Heilsuleikskólinn Brimver/Æskukot fékk nýtt nafn vorið 2022 og heitir nú Leikskólinn Strandheimar. Beiðni var send í febrúar til fræðslunefndar Árborgar þess efnis að fá að efna til nafnasamkeppni í leikskólanum. Var beiðnin samþykkt og fór í gang nafnasamkeppni sem skilaði 28 nafnatillögum frá samtals 38 þátttakendum. Dreginn var út vinningshafi þar sem þrír þátttakendur höfðu skilað inn sömu tillögu og hlaut hann að launum gjafabréf fyrir þriggja rétta máltíð á Rauða húsinu á Eyrarbakka fyrir tvo.

Í vor útskrifuðust 11 nemendur frá Leikskólanum Strandheimum, 6 frá Brimveri og 5 frá Æskukoti og fóru útskriftir þeirra fram í notalegum stundum í söllum starfstöðva leikskólans. Foreldrum, systkinum og öðrum aðstandendum var boðið að vera með og mættu þó nokkrir og áttu með okkur hátíðlega og skemmtilega stund.

Í vetur var unnið að Grænfánaverkefninu okkar þrátt fyrir takmarkanir í skólastarfi og sóttum við um Grænfánann í 6. skipti í leikskólanum í vor og okkur til mikillar gleði og ánægju fengum við hann afhentan við hátíðlega athöfn á vorhátíð foreldrafélagsins sem haldin var þann 16. Júní.

Í sumar verða leikskólar í Árborg lokaðir í fjórar vikur samfelld og gafst foreldrum tækifæri til að sækja um allt að 10 aukadaga í samfellu við lokunina og fá niðurfeld gjöld þann tíma. Í heildina fóru 7 börn í lengt sumarleyfi, í mislangan tíma hvert.

Sumarleyfi starfsmanna er samtals 30 dagar og reyndum við að raða þeim 10 dögum sem flestir áttu enn inni eftir sumarlokun niður sitt hvorum megin við hana. Við vonum að sú tilraun eigi eftir að ganga

vel upp. Við ætlum glöð í sumarleyfi og vonumst til að sumarið og sólin muni leika við starfsfólk og nemendur Strandheima í fríinu.

Starfsfólk leikskólans mætir til starfa þann 4. ágúst 2022. Munum við taka þátt í Hinsegin dögum vikuna 8.-12. ágúst með Regnbogaviku Strandheima. Við hlökkum til þess að hittast aftur með gleði að leiðarljósi þar sem fjölbreytileikanum verður fagnað því að öll erum við einstök, allskonar og hinsegin.

Kærar þakkir fyrir gott samstarf og æðruleysi á tímum breytinga og Covid-19 skólaárið 2021-2022. Með óskum um að skólaárið 2022-2023 verði öllum gott.

Mat á leikskólastarfi skólaársins 2021-2022

Í 18. gr laga um leikskóla nr.90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Sveitarfélög eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi samkvæmt 19. gr. laganna.

Markmið með mati á leikskólastarfi er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Einnig er innra mati ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Matið á einnig að veita skólasamfélaginu og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið. Þær upplýsingar sem þar fást eru settar fram í starfsskýrslu sem leikskólastjóri skilar til fræðslunefndar.

Þar sem skólastarfið er fjölbreytt er ekki hægt að meta alla þessa þætti í einu. Mikilvægt er að gerð sé matsáætlun fram í tímann til að tryggja að matið nái til allra þátta skólastarfsins og endurmeta þá áætlun árlega þar sem oft koma upp brýn málefni sem þarf að taka fyrir. Gott er að matsáætlunin spanni um 3-5 ár. Margar góðar leiðir eru til að meta skólastarfið má þar nefna: starfsmannasamtöl, foreldrasamtöl, spurningalistar til foreldra, starfsfólks og barna. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér eru dæmi um nokkrar:

- ✓ Starfsmannasamtöl
- ✓ Foreldrasamtöl
- ✓ Spurningalistar til starfsfólks og foreldra
- ✓ Mat barna á skólastarfinu (Broskarlakönnun og spurningakönnun)

Niðurstöður og umbótaáætlun er birt í starfsáætlun og á heimasíðu leikskólans.

Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er starfsþróun starfsmanna jafnframt sinnt.

Skólapúlsinn lagði fyrir starfsmannakönnun á skólaárinu, Starfsmannapúlsinn, og var farið yfir niðurstöður hennar á deildarstjórafundum. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar hennar og verður henni gerð nánari skil hér að neðan.

Starfsmannakönnun skólapúlsins

Heildarniðurstöður úr starfsmannapúlsinum sem lögð var fyrir í mars 2022 er að starfsmönnum líður heilt yfir vel í starfi. Könnunin lagði mat á: Starfið m.a. vinnuálag, starfsmenn og leikni þeirra í starfi, vinnustaðinn s.s. starfsanda og vinnuaðstöðu. Stjórnun, uppeldi og menntun. Símenntun og undirbúningstíma.

Hvað varðar vinnuálag er ljóst að það er talsvert í Strandheimum og leitað verður leiða til að minnka það svo það teljist ásættanlegt. Starfsmenn eru almennt ánægðir með dagsverk sitt og finnst þeir ráða vel við störf sín. Starfsandinn er góður og einkennist af virðingu og samvinnu. Allir eru tilbúnir til að leggja samstarfsmönnum sínum lið ef á þarf að halda.

Fram kom að einn starfsmaður telur sig hafa orðið fyrir einelti á vinnustað og einn hefur orðið vitni að einelti sem beindist að öðrum en honum. Stjórnendur leikskólans brugðust hratt við og boðuðu alla starfsmenn í örviðtöl sem sýndu að líðan nokkurra starfsmanna í leikskólanum hafði verið lakari fyrr á árinu en að leyst hefði verið úr því máli og því enginn sem upplifði einelti þegar könnunin var lögð fyrir.

Almenn ánægja er með stjórnun leikskólans, hvort sem um deildarstjóra og/eða aðra yfirmenn er að ræða.

Nokkuð var um að starfsmenn nefndu í opnum spurningum í lok könnunarinnar aukið álag sem þeir röktu til útfærslu vinnutímastyttingarinnar í leikskólanum. Ekki kemur inn starfskraftur þegar farið er í vinnutímastyttingu sem tekin er út í hverri viku og því ljóst að aukið álag er í leikskólanum eftir hádegi hvern dag vikunnar vegna þessa. Endurmat hefur verið gert á útfærslu vinnutímastyttingarinnar og niðurstöður þess eru að halda áfram með sömu útfærslu til áramóta 2022-2023 og sjá hvort Covid-19 hafi verið að valda auknu álagi en ekki útfærsluleiðin sem slík. Endurskoðun fer fram í nóvember og desember 2022.

Hljóðvist, ný leikföng og meira hrós var nefnt sem þættir sem má bæta. Starfsmannaekla vegur þó þyngst í því sem starfsmenn telja upp og segja að hafi mikil áhrif á líðan sína í starfi.

Matsáætlun

Viðfangsefni	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Skólanámskrá	Yfirfarin og endurútgefin	Yfirfarin	Yfirfarin	Yfirfarin	Yfirfarin	Yfirfarin og endurútgefin
Foreldrakönnun Skólapúlsinn	Foreldrakönnun		Foreldrakönnun		Foreldrakönnun	
Starfsmannakönnun Starfsmannapúlsinn		Starfsmannakönnun		Starfsmannakönnun		Starfsmannakönnun
Starfsmannakönnun Maskína	Starfsmannakönnun	Starfsmannakönnun	Starfsmannakönnun	Starfsmannakönnun	Starfsmannakönnun	Starfsmannakönnun
Nemendur	Foreldrasamtöl	Foreldrasamtöl	Foreldrasamtöl	Foreldrasamtöl	Foreldrasamtöl	Foreldrasamtöl
Starfsfólk	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl
Grænfáninn		Úttekt og mat frá Landvernd		Úttekt og mat frá Landvernd		Úttekt og mat frá Landvernd
Heilsuseflandi leikskóli matslistar	Áherslur: Starfsmenn og geðheilsa	Gátlistar uppfærðir út frá starfi og stöðu	Áherslur gátlistar og upplýsingar um verkefnið	Áherslur: Ákveðið út frá stöðu verkefnisins	Áherslur: Ákveðið út frá stöðu verkefnisins	Áherslur: Ákveðið út frá stöðu verkefnisins
Opinberar birtingar og umbætur	Starfsáætlun sem líka er ársskýrsla	Starfsáætlun sem líka er ársskýrsla	Starfsáætlun sem líka er ársskýrsla	Starfsáætlun sem líka er ársskýrsla	Starfsáætlun sem líka er ársskýrsla	Starfsáætlun sem líka er ársskýrsla

Börn, foreldrar o.fl.

Fjöldi barna

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2021 var 63.

Aldurskipting	
Börn fædd 2016	11
Börn fædd 2017	17
Börn fædd 2018	12
Börn fædd 2019	9
Börn fædd 2020	14

Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í janúar 2022. Með sérstökum stuðningi er átt við þau börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Alls voru 22 börn sem nutu sérstaks stuðnings og fengu hann hjá sérkennslustjóra eða öðru starfsfólki í litlum hópum í viðbót við það starf sem unnið er á deildum. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundi, einstaklingsnámskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2021 voru fimm börn sem eru tvítýngd og fjöldi tungumála voru þrjú.

Foreldrasamvinna

Aðalmarkmið foreldrasamstarfsins er að eiga traust og opin samskipti við alla foreldra, að foreldrar finni að þeir eru alltaf velkomnir með börnin sín í leikskólann og geti talað við starfsfólk um málefni barnsins. Foreldrar þurfa að geta treyst því að hlustað sé á þá og trúnaðar gætt. Markmiðið er einnig að veita foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum.

Foreldraráð

Í vetur var starfrækt foreldraráð í leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Foreldrafélag

Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu sem starfar sem traustur bakhjarl leikskólans, markmiðið er að efla samstarf heimila og leikskóla. Foreldrafélagið hefur staðið að aðventuhátíðum í leikskólanum, jólaföndri fyrir börn og foreldra, páskaeggjaleit, gefið nemendum útskriftargjafir, tekið þátt í skipulagningu vorhátíða og boðið upp á rútuferðir að hausti og vori. Aðalfundur var haldin 28. september 2021 í Æskukoti á Stokkseyri.

Foreldrafundir og foreldrafræðsla

Kynningarfundir fyrir foreldra eru að hausti. Á fundunum er starf og áherslur leikskólans kynntar fyrir öllum foreldrum sameiginlega í sölum starfsstöðvanna og foreldrar fylgja í kjölfarið deildarstjórum viðkomandi deildar í skoðunarferð um deildina þar sem fram fer kynning á starfi næsta vetrar ásamt

kynningu á nýju starfsfólki. Því miður var ekki hægt að halda kynningarfund fyrir foreldra haustið 2021 en deildarstjórar tóku ítarlegri viðtöl við nýja foreldra í upphafi leikskólagöngu barna þeirra.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru tvisvar á skólaárinu, á haustönn og vorönn. Skráningar í Heilsubók barnsins voru gerðar í október 2021 og mars 2022 og TRAS skráningar á svipuðum tíma tvisvar á ári. Foreldrasamtöl eru tekin í kjölfar skráninganna þar sem foreldrar eiga samtal við deildarstjóra og hópstjóra eða sérkennslustjóra. Elstu börn leikskólans mæta í venjulegu árferði með foreldrum í foreldrasamtöl en vegna Covid-19 var það ekki í ár. Á elsta ári er boðað til samtala við foreldra í kjölfar Hljóm-2 prófs sem lagt er fyrir öll börn í útskriftarárgangi að hausti. Foreldrasamtöl fara einnig fram vegna skólaskila og greiningar- og teymisvinnu. Foreldrum stendur að auki ávallt til boða að fá samtals tíma við leikskólastjóra, sérkennslustjóra og deildarstjóra þegar þeir óska eftir því.

Fréttir

Fréttir af skólastarfinu eru settar á heimasíðu leikskólans <https://strandin.arborg.is>, á tilkynningartöflur deilda og sendar foreldrum með tölvupósti og í gegnum Völuna.

Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Gott samstarf er við fjölskyldusvið Árborgar. Unnið er með ráðgjöfum fjölskyldusviðs sem koma að skólastarfinu sem og að ráðgjöf varðandi þroska og líðan nemenda. Skólaþjónustan hefur staðið fyrir fræðslufundum fyrir starfsfólk og foreldra. Á ráðgjafateymisfundunum sitja frá skólaþjónustu Árborgar; sálfræðingur, leikskólaráðgjafi, ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna, fulltrúi frá félagsþjónustu Árborgar, talmeinafræðingur og ráðgjafarþroskaþjálfari. Einnig kemur hjúkrunarfræðingur frá Hsu á fundi með reglulegu millibili. Misjafnt er hvað margir af þessum aðilum sitja fundina. Á vegum leikskólans sitja, sérkennslustjóri, leik- og aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.

Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarfi við BES hefur legið í láginni síðustu misseri m.a. vegna heimsfaraldurs. Búið er að leggja línurnar að samstarfi næsta vetrar og verður fundað með BES vegna tillagna leikskólans í ágúst eða september. Markmið samstarfsins er að brúa bilið milli leik- og grunnskóla og veita á nemendum leikskólans á þann hátt aukið öryggi í upphafi grunnskólagöngu þeirra. Í heimsóknunum gefst leikskólanemendum tækifæri til að koma á skólabókasafnið, frístund og skólalóð Barnaskólans. Heimsóknirnar efla einnig tengsl milli elstu nemenda leikskólans þar sem þeir sækja sitt nám í sitthvora starfsstöðina Brimver á Eyrarbakka og Æskukoti á Stokkseyri. Ferðirnar hafa ætíð verið vinsælar meðal leikskólanemendanna og teljum við okkur afar heppin að hafa getað nýtt aðstöðu grunnskólans í leik og nám. BES býður úrskriftarnemendum Strandheima að taka þátt í vorskóla í maí ár hvert.

Á vorin eru haldnir skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra grunnskólanemenda er skilað í grunnskólann.

Við erum ánægð með gott samstarf við starfsfólk og stjórnendur í BES og þökkum þeim kærlega fyrir það.

Samstarf við háskólana

Strandheimar tóku ekki að sér neinn nema á skólaárinu.

Annað samstarf

Á skólaárinu 2021 – 2022 vorum við í góðu samstarfi við aðra leikskóla í Árborg og grunnskóla.

Starfsmannamál


Stjórnunarteymi Strandheima er skipað eftirfarandi aðilum: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri sérkennslustjóri og deildarstjórar.

Á skólaárinu hafa um 30 manns starfað í leikskólanum í mislangan tíma og stöðuhlutföllum. Menntun starfsfólks á vorönn er þannig: fimm leikskólakennarar, einn með B.Ed. í leikskólakennarafræðum, tveir leikskólaliðar og aðrir eru með stúdentspróf eða grunnskólapróf. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi sem tekið er í fjarnámi með vinnu. Matráðar eru á báðum starfsstöðvum og hefur annar þeirra stundað nám og útskrifast frá MK úr matsveina- og matartæknanámi í vor. Dagar, ræstingaþjónusta, sér um ræstingar.

Örsamtöl voru tekin við allt starfsfólk í nóvember 2021 í kjölfar niðurstöðu starfsmannakönnunarkönnunar. Ákveðið var að bjóða upp á slík samtöl árlega héðan í frá. Almenn starfsþróunarsamtöl voru tekin í apríl og maí 2022 og voru allir starfsmenn boðaðir í samtál. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku viðtölin saman og var almenn ánægja með það fyrirkomulag og verður því haldið áfram. Góður samfelldur tími er gefinn í samtölin og fá starfsmenn spurningar afhentar fyrir fram svo þeir geti verið undirbúnir fyrir samtalið.

Stjórnskipan Brimvers/Æskukots skólaárið 2022-2023

Starfsheiti	Nafn	Netfang	Símanúmer
Leikskólastjóri	Birna Guðrún Jónsdóttir	birnagj@arborg.is	480-6352
Aðstoðarleikskólastjóri	Tinna Björg Kristinsdóttir	tinnabk@arborg.is	480-6354
Sérkennslustjóri	G. Ásgerður Eiríksdóttir	asgerdur.eiriks@arborg.is	480-6355
Deildarstjóri Fiskakletts	Hugborg Guðmundsdóttir	hugborg.gudmunds@arborg.is	480-6357
Deildarstjóri Batakletts	Elín Heiða Þorsteinsdóttir	elin.heida@arborg.is	480-6356
Deildarstjóri Merkisteins	Vigdís Jónsdóttir	vigdisjo@arborg.iss	480-3274
Deildarstjóri Kötlusteins	Júlianna María Nielsen	julianna@arborg.is	480-3274



Fundarhöld, starfsdagar, haustþing o.fl.

Sameiginlegir deildarstjórafundir fyrir báðar starfsstöðvar voru haldnir á mánudagsmorgnum kl. 10:15-11:15 en stefnt er að því að hafa þá næsta skólaár á fimmtudögum milli kl. 13-14. Fundina situr stjórnendateymi leikskólans og er markmið með þeim að fara yfir skólastarfið og ræða það og meta. Fundargerðir eru prentaðar út og útdeilt á deildir og til matráða til upplýsingar um ákvarðanir og umræður sem farið hafa fram á fundunum. Deildarfundir eru haldnir vikulega fyrir hádegi, deildarstjórar sjá um skipulagningu þeirra. Deildirnar leysa hvor aðra af svo hægt sé að halda fundina sem eru í hálf tíma í senn.

Samráðsfundir deildarstjóra hafa verið nokkrir á skólaárinu sem og samráðsfundir sérkennslustjóra með deildarstjórum og starfsmönnum deilda. Starfsmannafundir með öllum starfsmönnum voru haldnir á skipulagsdögum. Aðrir sameiginlegir og reglubundnir fundir sem fulltrúar leikskólans sækja með fagteymum í Árborg eru: Leikskólastjórafundir sem eru fyrsta þriðjudag í mánuði, aðstoðarleikskólastjórafundir, sérkennslustjórafundir, faghópur um samstarf grunn- og leikskóla og fjölmenningsarteymi. Á dagskrá er að endurvekja fræðsluteymi leikskólanna og vonum við að það verði sem fyrst. Skólaárið einkenndist af fundum á Teams vegna Covid-19.

Samráðsfundir leik-, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra eru vikulega á mánudögum kl. 8:30. Þar er farið yfir helstu málefni liðinnar viku sem og þau verkefni sem liggja fyrir. Önnur mál eru einnig rædd eftir þörfum.

Skipulagsdagar fóru ýmist fram á Teams vegna Covid-19 takmarkanna en einnig gátum við haldið þá saman þegar takmarkanir voru minni. Málþing um leikskólamál var haldið á vordögum. Á skipulagsdögum haustsins var lögð áhersla á virðingu og vellíðan starfsmanna. Var það ákveðið í ljósi niðurstöðu Maskínukönnunar sem lögð var fyrir á vormánuðum 2021. Eins var farið aftur af stað með verkefni landlæknis Heilsueflandi leikskóla. Ákveðið var að byrja innleiðinguna upp á nýtt þar sem langt var liðið frá því grunnlínan var lögð. Ákveðið var að byrja á starfsfólkinu sjálfu og fylltu deildir út gátlista varðandi þann hluta á skipulagsdegi í nóvember 2021. Enn fremur var, eins og áður, rýnt í óskir og þarfir starfsmanna frá starfsmannasamtölum vorsins og þær hafðar til hliðsjónar við val á fræðslufni skipulagsdaganna.

Málþing um leikskólamál í Árborg var fyrirhugað 7. september 2021 en varð því miður að fresta með mjög stuttum fyrirvara vegna Covid-19. Við í Strandheimum héldum hefðbundinn skipulagsdag í staðinn. Umræða var um framtíðarsýn leikskólastarfs í Árborg og teknir niður punktar fyrir fyrirhugað málþing. Stefnur og sýn leikskólans voru ræddar og endurskoðaðar ásamt leiðarljósum leikskólans: Vinátta - Gleði - Heilbrigði - Sköpun. Ákveðið var að fara í endurmat á leiðarljósunum og kjósa milli tillagna sem fram komu. Að lokum funduðu deildir beggja starfsstöðva saman, þ.e. yngri deildir saman og eldri deildir saman til að meta og endurskoða þær leiðir sem notaðar eru í starfi þeirra með það að leiðarljósi að samræma starfsaðferðir eins og mögulegt er.

Á skipulagsdegi þann 3. febrúar 2022 var yfirfarið starfsmannakver kynnt starfsfólki og rætt um það. Í því er að finna ýmislegt gagnlegt varðandi starfið í leikskólanum ásamt hagnýtu efni fyrir starfsmenn. Almenn er ánægja með kverið og var það uppfært að vori 2022. Tinna Björg aðstoðarleikskólastjóri flutti erindi um upplifun sína sem erlendur ríkisborgari - Barn, foreldri og leikskólastarfsmaður en hún var búsett í Noregi um tíma sem barn og aftur sem fullorðinn einstaklingur með börn. Kosið var um ný leiðarljós leikskólans sem eru nú: Vellíðan - Sköpun - Virðing. Bruna- og rýmingaráætlanir voru yfirfarnar þar sem endurskoðun þeirra var lokið.

Þann 30. mars var Málþing um leikskólamál loks haldið eftir að því hafði tvívegis verið frestað vegna Covid-19 takmarkana. Góð mæting var á málþingið og drög að skýrslu hefur litið dagsins ljós. Helstu niðurstöður þingsins eru m.a. að starfsfólk leikskólanna biður um að starfsaðstæður þeirra séu færðar nær starfsaðstæðum og umhverfi grunnskólanna m.a. með vetrar- og haustfríum fyrir leikskólanemendur og starfsfólk, lokunum á milli jóla og nýárs sem og í dymbilvikum. Einnig kom fram að starfsfólk upplifir aukið álag í starfi vegna vinnutímastyttingarinnar.

Starfsþróun starfsmanna

Símenntunaráætlun Strandheima er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og þar er fjármögnun, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk ber ábyrgð á eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Sí- og endurmenntun er í boði í ýmsu formi, bæði innan skólans og utan, sem er ætlað að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna og stuðla þannig að þróun í starfi skólans.

Skilgreining á starfsþróun

Hverjum leikskóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti. Símenntun:

- ✓ sem er nauðsynleg fyrir skólann.
- ✓ sem kennarinn metur æskilega fyrir sig.

Almenn þörf fyrir námskeið er ákvörðuð af skólastjórnendum út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og öðru starfsfólki er skylt að fara á námskeið samkvæmt símenntunaráætlun skólans. Skýrt hefur komið fram hjá starfsfólki áhugi á að dýpka það starf sem unnið er í leikskólanum Strandheimum. Má þar nefna Grænfánann, heilsueflandi leikskólustarf, Lubba, listsköpun sem og hreyfingu og er símenntunaráætlun unnin út frá þeim óskum.

Skólastjóri tekur ákvörðun um hvað bjóða skal kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru að vori ár hvert er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær skráðar niður. Skólastjóri auglýsir öll fræðsluerindi og námskeið sem berast með því að senda tölvupóst og/eða hengja auglýsingu upp á upplýsingatöflu á kaffistofum og í undirbúningsherbergjum.

Mat á árangri


Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á að símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólk hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

Fjármögnun símenntunar

Valkostir:

Skóli greiðir 100%	Skóli greiðir og starfsmaður	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaðurinn greiðir vinnutíma samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Vinnustaðurinn greiðir námskeiðsgjald.	Skóli greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald/sækir í sjóðinn sinn.	Starfsmaðurinn fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur.
Starfstengd ósk <u>stjórnandans</u> og þátttaka er innan vinnutíma. Starfstengd ósk <u>starfsmanns</u> og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda.	Starfstengt en ekki forgangsmál. Þátttaka innan eða utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi starf eða framtíðarstarf.
Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum. Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni leikskólastjóra.	Yfir árið: <u>Eitt námskeið á hvern starfsmann.</u>	Sækja þarf um með góðum fyrirvara til leikskólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni. Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi leikskólans að starfsmaður sé frá vinnu.

Ferli við gerð símenntunaráætlunar



Yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2022-2023

Skipulagsdagur	Tilgangur	Tímabil	Klst	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Staðsetning
Skipulagsdagur	<p>Námskeið</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Skyndihjálp kl. 8 – 12 <p>Ýmislegt</p> <ul style="list-style-type: none"> ▪ Fræðslustjóri að láni - verkefnið kynnt og óskað eftir 3-4 sjálfboðaliðum í rýnihópa ▪ Trúnaðarmenn kynna réttindi ▪ Þagnarskylda ▪ Kjósa í skemmtinefnd ▪ Farið yfir bruna- og rýmingaráætlanir. <p>Kynning á starfsfólki fjölskyldusviðs Hópefli</p>	22/8 '22	8	Dagvinna Námskeið Skyndihjálp	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	Íþróttahúsið á Stokkseyri Æskukot
Haustþing FL og FSL		14/10 '22	8	Dagvinna	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	Hótel Selfoss
Fræðsludagur leikskólanna		25/11 '22	8	Dagvinna	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	
Skipulagsdagur	<p>Heilsueflandi leikskóli - geðrækt</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gátlistar • Hvernig hugum við að geðrækt í starfi og í einkalífi? • Fræðsla <p>Erindi um ráðleggingar þegar kemur að líkamsbeitingu í starfi - Nína Dóra Óskarsdóttir Erindi um breytingarskeiðið, einkenni og ráðleggingar gagnvart streitu - Halldóra Skúladóttir</p>	2/1 '23	6	Dagvinna Námskeið Heilsueflandi	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	Brimver
Skipulagsdagur	Námsferð 17. - 21. maí ath. samþykkt tilfærsla á skipulagsdegi frá skólaárinu 2022-2023	28/2 '23	8	Dagvinna Námskeið Endurmenntunarferðir	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	Alicante
Starfsdagur	Námsferð 17. - 21. maí ath. samþykkt tilfærsla á skipulagsdegi frá skólaárinu 2022-2023	19/5 '23	8	Dagvinna Námskeið Endurmenntunarferðir	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	Alicante

Starfsmannafundur	Tilgangur	Klst	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Staðsetning
15/9 '22	Kl.14 - 16 <ul style="list-style-type: none"> Fræðsla: Erindi frá Barnavernd 	2	Dagvinna Heilsueflandi	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	
1/11 '22	Kl. 8 – 10 <ul style="list-style-type: none"> Málörvun í hversdagsleikanum Leikurinn, námsleið leikskóla og hlutverk kennarans. 	2	Dagvinna Aðalnámskrá	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	
31/1 '23	Kl. 14 – 16 <ul style="list-style-type: none"> Heilsueflandi Skóli á grænni grein 	2	Dagvinna Grænfáni Heilsueflandi	Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	
29/3 '23	Kl. 8 – 10 <ul style="list-style-type: none"> Endurmat á starfsáætlunum eldri og yngri deilda 	2		Allir starfsmenn	Leikskóla- stjórnendur	

Greinargerð foreldraráðs

Eyrarbakki, 16. júní 2022

Foreldraráð leikskólans Strandheima hefur farið yfir og rætt um starfsáætlun 2022-2023 og samþykkt án athugasemda. Við erum ánægð með það góða starf sem starfsfólk leikskólans hefur unnið við mótun skólastarfsins.

Fyrir hönd foreldraráðs, Birna Björnsdóttir